

73. fundur í Safna- og menningamálanefnd þriðjudaginn 28. apríl 2009 kl. 17:15. Mættir: Eyþór Benediktsson, formaður, Dagbjört Höskuldsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Kristín Víðisdóttir, Ragnheiður Óladóttir og Erna Guðmundsdóttir.

Formaður setur fund.

1. Skýrsla bókasafns

Ragnheiður fór yfir skýrslu bókasafnsins með upplýsingum um starfsemi safnsins og atburði sem þar hafa átt sér stað árið 2008. Útlánaaukning frá fyrra ári er 30% og sala á árskortum hefur aukist og eru árskort nú um 289 en hvert kort tilheyrir yfirleitt heilli fjölskyldu. Tekjur safnsins hafa einnig aukist milli ára.

2. Vatnasafn

Nóg er af umsækjendum um sumarstarf í Vatnasafninu. 1. maí verður gjörningur í safninu. Óskar Árni Óskarsson kemur í fræðimannsíbúðina 8.maí og mun vera hér í sex mánuði.

3. Samningur milli Ljósmyndasafns Stykkishólms og Byggðasafns Snæfellinga

Í mars 2009 fundu Eyþór og Erla bæjarstjóri með Aldísi og Sigurlínu frá Byggðasafninu þar sem farið var yfir fyrirbyggjandi verkefni og áætlaður sá tími sem þyrfti til þeirra. Sú áætlun sem fram kom gerir ráð fyrir 560 klst. vinnu. Ekki er búið að ganga frá formlegum samningi. Vinna er að hefjast samkvæmt áætlun.

4. Sýning í tilefni 100 ára afmælis hafskipabryggjunnar

Dagbjört sagði frá því að verkefnið verði að nokkru tvískipt, annars vegar sýning í Norska húsinu þar sem sýndar verða myndir og munir og hins vegar hátíðahöld vegna afmælisdagsins. Útbúið verður skilti 100x150 sm með myndum og texta. Skiltið sem á að vera varanlegt verður staðsett á hafnarsvæðinu. Myndum á skiltinu er ætlað að segja sögu hafnarinnar og hlutverks hennar. Vígsla skiltisins verður á laugardegi, daginn fyrir sjómannadag.

5. Ný húskönnun fyrir Stykkishólm

Magnús bendir á þörf á nýrri húsakönnun fyrir Stykkishólm. Upplýsingar um húsin eru til en þörf er á sérfræðingi, arkitekt til að sjá um faglega hlið könnunarinnar. Hægt er að sækja um styrki til slíkra verka til Húsafriðunarnefndar nú í haust auk þess sem möguleiki er á helmings greiðslu launakostnaðar frá Vinnumálastofnun sé um að ræða starfsmann á atvinnuleysissskrá. Magnús mun fylgja málinu eftir.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:40